



Ársfundur 23. júní 2022 Skýrsla stjórnar flutt af Dan Jens Brynjarssyni

Góðir fundarmenn

Rekstur Lífeyrissjóðs starfsmanna Akureyrarbæjar var á árinu 2021 líkt og á undanförunum árum í föstum og traustum skorðum. Sjóðurinn hefur um árabíl rekið nokkuð varfærna fjárfestingarstefnu þar sem stærsti hluti fjárfestinga sjóðsins er myndaður af ríkistryggðum verðbréfum.

Eignir sjóðsins eru eins og fyrra ár metnar á gangvirði og eiga að gefa nokkuð glögga mynd af eignastöðu í árslok.

Alls greiddu 54 sjóðfélagar hjá 6 launagreiðendum iðgjöld til sjóðsins árinu og fækkaði greiðandi sjóðfélögum um 7 frá fyrra ári. Árið þar áður fækkaði greiðandi sjóðsfélögum um 9 og hefur því greiðandi sjóðsfélögum fækkað um 16 á tveimur árum. Iðgjöld námu samtals 45 milljón króna og lækkuðu um 23,5% frá fyrra ári. Virkir sjóðfélagar, þ.e. sjóðfélagar sem að jafnaði greiða iðgjöld til sjóðsins með reglubundnum hætti í mánuði hverjum voru 44 en voru ári áður 55.

Lífeyrisgreiðslur sjóðsins á árinu námu um 1.160 milljónum króna og hækkuðu um 12% frá fyrra ári og var fjöldi lífeyrisþega að meðaltali 726 á árinu 2021 og 672 á árinu 2020 en á árinu 2019 nam fjöldinn 645. Fjöldinn hefur því aukist um 81 á tveimur árum eða 13%

Nafnávöxtun sjóðsins á árinu var 13,5% og hrein raunávöxtun 8,0% samanborið við 11,2% nafnávöxtun og 7,4% raunávöxtun á árinu 2020. Hrein eign sjóðsins til greiðslu lífeyris nam 14.569 milljónum króna og hækkaði um 8,0% frá fyrra ári.

Meðalraunávöxtun s.l. 5 ára er 5,1% og 4,7% ef horft er til síðustu 10 ára sem teljast má viðunandi.

Tryggingafræðileg staða sjóðsins versnaði um 288 m.kr. á árinu. Áfallnar skuldbindingar sjóðsins námu um áramót 23.014 m.kr. og eignir til tryggingafræðilegs uppgjörs 13.660 kr. Áfallnar skuldbindingar nema því 9.354 m.kr. umfram eignir. Eignir sjóðsins duga því fyrir um 59% af áföllnum skuldbindingum miðað við 2% ársvexti umfram launabreytingar.

Sjóðurinn er með ábyrgð Akureyrarbæjar og byggir ekki alfarið á sjóðsöfnun. Launagreiðendum ber skylda til að endurgreiða sjóðnum hluta af lífeyrisgreiðslum og að teknu tilliti til þeirra má ætla að sjóðurinn geti staðið við skuldbindingar sínar.

Góðir fundarmenn

Eins og fram hefur komið þá hefur rekstur sjóðsins verið í föstum skorðum á liðnum árum og gerir stjórn sjóðsins ráð fyrir að rekstur verði með svipuðu sniði á þessu ári.

Samstarf sjóðsins við Stapa lífeyrissjóð hefur gengið vel. Ég vil nota tækifærið til að þakka starfsfólki Stapa svo og stjórnarmönnum og varastjórnarmönnum fyrir gott og ánægjulegt samstarf á árinu.

Sömu þakkir eru færðar lífeyrisþegum og sjóðfélögum.